

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins.

Eins og frumvarpið var lagt fram af ríkisstjórninni, bar það vitni um gagn-gerða stefnubreytingu frá því, sem verið hefur undanfarin ár, sérstaklega hvað snerti framlög til verklegra framkvæmda, svo sem vegamála, brúargerða, hafnar-gerða, skólabygginga og sjúkrahúsa. En meiri hluti nefndarinnar hefur ekki getað fallið á að breyta hér um stefnu nema að nokkru leyti og í ýmsum öðrum stór-vegilegum atriðum lagt til, að gerðar verði aðrar breytingar, sem stórspilla frumv. og gerðar eru eftir beinni skipun ríkisstjórnarinnar. Má þar sérstaklega nefna þær tillögur meiri hlutans að lækka framlag til landnáms í sveitum samkvæmt II. kafla laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum úr tveimur og hálfri milljón, sem löggin ákveða, niður í eina og hálfu milljón. Bendir þetta ótvírátt til þess, að tilgangur núverandi stjórnarmeirihluta sé að gera þessi lög, sem æsku- lýður sveitanna væntir sér mikils af, að pappírssamþykktum einum, eins og laga- ákvæðin um samvinnubyggðir frá 1936 og löggin um landnám ríkisins frá 1941. Þá má og nefna tillögu meiri hlutans um að lækka framlagið til almannatrygginga um 1,6 millj.

Bæði þessar ákvarðanir og niðurskurður á framlögum til verklegra framkvæmda eru réttlættar með því, að ekki sé fé fyrir hendi til að halda sömu framlögum og áður, og heyrir í því sambandi oft talað um ógætlega og kostnaðarsama löggjöf síðustu ára. Minni hlutinn vill hins vegar benda á þá staðreynd, að jafnframt því, sem áður nefnd framlög eru lækkuð, hækka stórkostlega útgjöld við rekstur ríkisins og embættiskostnaður allur. Má þar nefna sem dæmi, að útgjöld samkvæmt 10. gr., þ. e. kostnaður við stjórnarráðið og utanríkisþjónustu, munu nú verða allt að 800 þús. kr. hærri en á síðasta árs fjárlögum, og útgjöld samkvæmt 11. gr., þ. e. dóm- gæzla og lögreglustjórn, skatt- og tollheimta, opinbert eftirlit o. fl., munu nú nema nærri þrem millj. kr. hærri upphæð en á síðustu fjárlögum.

Þá má ekki síður minna á hina nýrri þætti embættisbáknsins, svo sem fjárhags- ráð, viðskiptanefnd, verðlagseftirlit og skömmtnunarskrifstofu ríkisins með öllum sín- um úthlutunarstofnunum. Má fullyrða, að kostnaður við þessa starfsemi verði ekki undir fjórum milljónum kr. Svo hröð þensla í embættiskerfinu á Íslandi hefur aldrei þekkt áður, og telur minni hlutinn, að meiri þörf hefði verið að halda þessum kostnaði í skefjum en lækka þau framlög til verklegra framkvæmda, at- vinnumála og trygginga, sem áður eru nefnd.

Þá teljum við einnig, að tekjur ríkisins séu áætlaðar mun lægri en líkur eru til, að verði, og sé það gert í þeim tilgangi að sanna nauðsyn áður nefndra lækkana til verklegra framkvæmda og menningarmála, svo og þess niðurskurðar á lögboðn- um gjöldum samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveit- um og lögum um almannatryggingar, sem meiri hluti nefndarinnar flytur tillögur um. Við erum algerlega ósammála því að áætla tekjurnar lægri en allar líkur benda til, að þær muni verða.

Vegna hinnar miklu nýsköpunar í skólamálu þjóðarinnar, sem lögfest var með hinni nýju skólalöggjöf, er nú í smíðum fjöldi skólabygginga, bæði gagn- fræðaskóla og barnaskóla. Úr þessum framkvæmdum hlýtur að draga stórlega, ef framlög eru lækkuð svo mjög sem stjórnarmeirihlutinn gerir ráð fyrir. Hið sama gildir um hafnarframkvæmdir, en allar tafir á þeim hljóta aftur að stefna í hættu fiskiskipafloða þjóðarinnar og draga úr notagildi hans.

Við, sem minni hlutann skipum, flytjum á sérstöku þingskjali allmargar breyt- ingartillögur við fjárlagafrumvarpið, og miða þær fyrst og fremst að því að auka framlög til verklegra framkvæmda og menningarmála.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir aðaltillögum okkar.

Tekjurnar.

Samkvæmt 2. gr. frv. er tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka, áætlaður 40 millj. kr. Meiri hlutinn hefur ekki viljað áætla þennan tekjustofn hærri. Samkvæmt yfirliti um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1947, er fjármálaráðherra gaf við fyrstu umræðu málsins, nam þessi liður 44,4 millj. kr. (jan.—des. það ár.). Ekkert bendir til, að þessi tekjustofn verði lægri á yfirstandandi ári, og leggjum við því til, að hann verði áætlaður 43 millj.

Vörumagnstollur er áætlaður í frv. 18 millj. kr., en hefur numið 23,5 millj. jan.— des. 1947. Hér virðist því vera um mjög væga áætlun að ræða, og teljum við fylli-

lega réttmætt að áætla þennan tekjustofn 20 millj. kr., eða tveggja millj. kr. hækkun, og leggjum til, að svo verði gert.

Verðtollurinn er áætlaður af meiri hlutanum 60 millj. kr. S. l. ár nam hann 72,25 millj. jan.—des. Kom þó tollahækkun sú, er gerð var á síðasta þingi, ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð var komið fram á árið, og var því allmikið af þeim vörum, sem til landsins fluttust, miklu lægra tollað en nú. Má því telja nokkurn veginn víst, að þessi tekjustofn verði a. m. k. 70 millj. og að öllum líkindum hærri. Í samræmi við það leggjum við til, að hann verði áætlaður 10 millj. hærri eða 70 millj. kr.

Tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins eru áætlaðar 17,5 millj. samkvæmt frv., en námu á s. l. ári yfir 20 millj. kr. Þennan lið teljum við því fyllilega réttmætt að hækka um 2 milljónir upp í 19,5 millj.

Samtals leggjum við því til, að tekjur ríkisins verði áætlaðar 17 millj. kr. hærri en frv. gerir ráð fyrir og meiri hluti nefndarinnar vill halda sér við.

Gjöldin.

12. gr.

Við þessa grein berum við fram eina brtt., þ. e. að hækka styrk til læknisbústaða og sjúkraskýla úr 800 þús. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, upp í 1 millj. kr. sem er svipuð upphæð og á síðasta árs fjárlögum. Það er alkunnugt, hve erfitt er að fá lækna í mörg læknishéruð úti á landi, og víða getur það ráðið úrslitum, um það, hvort hérað er læknislaust eða ekki, hvort til sé læknisbústaður.

13. gr.

Við þessa grein flytjum við 2 brtt., sem meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á. Er hin fyrri um að hækka fjárveitingu til viðhalds þjóðvegum um tvær millj., úr 9 millj. upp í 11 millj., sem áreiðanlega er það minnsta, sem þörfin krefur. S. l. ár reyndist þessi liður enn þá hærri, og vegamálastjóri telur, að óhugsandi sé að komast af með þá upphæð, sem í frv. er. Með því að áætla upphæð þessa aðeins 9 millj. er því annaðhvort stefnt að því að rýra viðhaldið og láta vegakerfi landsins, sem byggt hefur verið fyrir ærið fé, drabbast niður eða greiða verður allmikla upphæð utan allrar heimildar í fjárlögum, sem í alla staði verður að teljast óheilbrigt.

Síðari brtt. okkar við þessa grein er um að hækka framlag til hafnargerða og lendingarbóta úr 3,5 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 6,5 millj., sem er svipuð upphæð og s. l. ár. Fiskiskipafлотinn hefur vaxið svo mjög hin síðustu ár, að við teljum í alla staði ófært að draga úr fjárframlögum til hafnarframkvæmda. Verði tillaga okkar samþykkt, ætlumst við til, að skipting á þessari fjárhæð verði gerð af fjárveitinganefnd á milli 2. og 3. umræðu.

14. gr.

Við þessa grein flytjum við þrjár brtt. Er hin fyrsta um að hækka styrk til nýrra barnaskólabygginga úr 3 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 4,5 millj. Samkvæmt skýrslu fræðslumálastjóra eru nú í smíðum 27 barnaskólabyggingar, og þyrfti framlag ríkissjóðs til þeirra að verða rúmar 7 millj. á þessu ári. Auk þess telur fræðslumálastjóri óhjákvæmilegt að hefja byggingu nokkurra nýrra skólahúsa. Við flytjum því brtt. um hækkun á þessum lið.

Til bygginga gagnfræða- og héraðsskóla eru ætlaðar á frv. 2 millj. kr., og vill meiri hl. n. halda þeirri upphæð. Á síðasta árs fjárlögum nam þessi upphæð 4,25 millj. kr. Við teljum þessa lækkun alveg óeðlilega og leggjum til, að þessi upphæð verði svipuð og 1947.

Þá leggjum við enn fremur til, að framlög til íþróttasjóðs verði 1 millj. kr. eins og á síðustu fjárlögum í stað 700 þús. kr., sem er í frv. Meiri hlutinn mun hins vegar leggja til, að þessi upphæð verði lækkuð í 600 þús. kr.

16. gr.

Við þessa grein flytjum við nokkrar brtt., og eru þessar helztar:

Til fiskimálasjóðs leggjum við til, að tekinn verði upp nýr liður, að upphæð 1 millj. kr. Samkvæmt lögum um fiskimálasjóð eru honum ætluð mjög viðtæk verkefni, að styðja að hvers konar eflingu sjávarútvegsins, markaðsöflun o. fl., og mun sízt veita af þessari fjárhæð, ef starfsemi hans á að ná fullum tilgangi.

Til nýrra raforkuframkvæmda leggjum við til, að veittar verði 4 millj. kr. og skuli helmingi þeirrar upphæðar varið til lána til dieselrafstöðva utan þess svæðis, sem rafveitur ríkisins ná yfir. Enn sem komið er hefur fé það, sem rikið hefur lagt fram til raforkuframkvæmda, eingöngu farið til að byggja ákveðnar veitur, sem verða til mjög mikilla hagsbóta fyrir íbúa þeirra héraða, sem þeirra njóta. Hins vegar eru mörg önnur héruð, sérstaklega ýmsir bæir og þorp á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem eru að byggja dieselrafstöðvar af eigin rammleik án nokkurrar aðstoðar af hálfu hins opinbera, nema ríkisábyrgðar. Þessum aðilum teljum við sjálf-sagt að hjálpa með lánnum.

17. gr.

Við þá grein flytjum við þá brtt., að framlag til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 verði 1 millj. kr. í stað 400 þús. kr., sem frv. gerir ráð fyrir.

20. gr.

Þá leggjum við til, að á 20. gr. verði tekinn nýr liður, 1 millj. kr. til byggingar sjómannaskólans í Reykjavík.

Ágreiningur okkar við meiri hl. er fyrst og fremst um þau mál, sem hér hefur verið minnt á. Við erum hins vegar sammála meiri hl. um margar till. til breytinga á frv., og stöndum því að ýmsum till., sem fluttar verða af meiri hlutanum. Munum við nánar gera grein fyrir þeim við umræður og við atkvæðagreiðslu.

Við teljum rétt að birta hér með álit okkar áætlanir þær, sem fjárveitinga-nefnd hafa borizt frá fjárhagsráði, um innflutning og fjárfestingu árið 1948. Samkvæmt lögum bar fjárhagsráði að leggja þessar áætlanir fram, áður en fjárlög yrðu sett. Áætlanir þessar bera það með sér, að þær eru handahófslega gerðar, en þó sýna þær glögg, að fjárhagsráð og ríkisstjórnin hugsa sér að draga enn stórkostlega úr framkvæmdum í landinu, en auka jafnhliða við skriffinnskubrjálæðið og fjötrana í sambandi við allt viðskipta- og athafnalíf landsmanna. Þessar áætlanir hljóta óhjákvæmilega að ræðast jafnhliða fjárlögnum, og er því rétt, að þær birtist öllum þingmönnum.

Alþingi, 9. marz 1948.

Ásmundur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.
frsm.

Fylgiskjal.

FJÁRHAGSRÁÐ

Reykjavík, 5. febr. 1948.

Fjárhagsráð leyfir sér hér með að senda eitt eintak af innflutningsáætlun þeirri, er samin hefur verið fyrir árið 1948. Það skal tekið fram, að framkvæmd áætlunarinnar er hugsuð í þremur áföngum, sá fyrsti til aprílloka, þegar séð verður um árang-

ur vetrarvertíðar, annar til ágústloka, þegar séð verður fyrir um sildarvertíðina, og þriðji til ársloka. Með þessum hætti er það áform fjárhagsráðs, að færi gefist á að koma í veg fyrir, að út verði gefin meiri leyfi til innflutnings en hægt er að greiða með útflutningstekjunum.

Virðingarfyllst.

Fjárhagsráð.

T. Guðjónsson. Bragi Kristjánsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Reykjavík.

Innflutningsáætlun fyrir árið 1948.

A. Innflutningsáætlun.

Tegund gjaldeyris	Upphæð kr.
Dollarar	114 869 000
Sterlingspund	113 799 500
Cl. Tékkóslóvakía	30 215 000
Cl. Holland	27 206 500
Cl. Frakkland	6 718 000
Cl. Ítalía	6 707 000
Ýmislegt	10 630 000
	<hr/>
Samtals	310 145 000

B. Gjalddeyrisáætlun.

Dollarar	24 900 000
Sterlingspund	53 000 000
Clearing-gjalddeyris	1 300 000
	<hr/>
Samtals	79 200 000

Heildarleyfisveitingar.

A. Innflutningsáætlun	kr. 310 145 000
B. Gjalddeyrisáætlun	— 79 200 000
	<hr/>
Samtals	kr. 389 345 000

Áætlun um duldar greiðslur.

	§ millj.	£ millj.	Cl. millj.	Samtals millj.
1. Námskostnaður	3.5	2.5	„	6.0
2. Ferða-, sjúkra- og dvalarkostnaður ..	0.8	2.0	0.2	3.0
3. Greiddar skuldir	„	0.5	„	0.5
4. Vinnulaun	0.2	0.4	„	0.6
5. Eignayfirfærsla	„	0.1	„	0.1
6. Skipaleigur	10.0	27.5	„	37.5
7. Tryggingar og umboðslaun	0.5	4.4	0.1	5.0
8. Styrkir og meðlög	0.1	0.1	„	0.2
9. Skipaviðgerðir	„	6.0	„	6.0
10. Önnur gjalddeyrisleyfi	6.8	4.5	0.5	11.8
11. Greiðslur hins opinb. til sendiráða, afb. og vaxta af lánum	3.0	5.0	0.5	8.5
	<hr/>			
	24.9	33.0	1.3	79.2

Innflutningurinn fyrir 1948.

	\$	£	Cl. Tékk.	Cl. Holl.	Cl. Frakkl.	Cl. Ítal.	Samtals
	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.
I. flokkur.							
1. Rúgur, rúgmjöl 4000 tonn	4200	"	"	"	"	"	4200
2. Hveiti 5000 tonn	6500	"	"	"	"	"	6500
3. Hafragrjón 1400 tonn	1600	"	"	"	"	"	1600
4. Hrisgrjón 350 tonn	560	"	"	"	"	"	560
5. Skepnufóður ca. 15000 tonn	10200	"	"	1500	"	"	11700
6. Kartöflumjöl 100 tonn	30	"	"	120	"	"	150
7. Aðrar kornvörur 200 tonn	500	"	"	200	"	"	700
	23590	"	"	1820	"	"	25410
II. flokkur.							
1. Nýir ávextir ca. 400 tonn	"	"	"	"	"	1000	1000
2. Sítrónur ca. 125 tonn	"	"	"	"	"	250	250
3. Þurrkaðir ávextir:							
a. Sveskjur	60	"	"	"	"	340	400
b. Rúsinur	85	"	"	"	"	515	600
c. Aðrir	"	110	"	"	"	525	635
4. Niðursoðnir ávextir	120	35	"	"	"	"	155
5. Grænmeti:							
a. Nýtt	"	"	"	100	"	"	100
b. Þurrkað	"	"	"	200	"	"	200
c. Niðursoðið	8	45	"	80	"	12	145
6. Laukur } Samkv. áætl. Gr.m.verzl.	"	"	"	250	"	"	250
7. Kartöflur }	"	1277	"	723	"	"	2000
8. Ávaxtasulta	"	35	"	165	"	"	200
	273	1502	"	1518	"	2642	5935
III. flokkur.							
1. Kaffi 700 tonn	"	900	"	500	"	"	1400
2. Te 15 tonn	"	150	"	"	"	"	150
3. Kakó 40 tonn	"	"	"	200	"	"	200
4. Sykur ca. 4000 tonn	"	3320	880	"	"	"	4400
5. Sýróp 100 tonn	"	"	"	150	"	"	150
6. Kryddvörur	"	87.5	"	262.5	"	"	350
	"	4657.5	880	1112.5	"	"	6650

IV. flokkur.													
1. Tilbúinn fatnaður:													
		\$	£	Cl. Tekk.	Cl. Holl.	Cl. Frakkl.	Cl. Ital.	Samtals					
		Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.					
a.	Karlm.föt, frakkar, þ. á m. regnkápur	"	"	700	100	"	"	800					
b.	Barna- og ungl.fatnaður	"	"	300	100	"	"	400					
c.	Kvenkápur, kjólar og dragtir, þ. á m. regnk.	"	"	80	120	"	"	200					
d.	Annar tilb. fatnaður	"	"	150	"	"	"	150					
2.	Dúkar í heilu lagi og ströngum:												
a.	Úr ull	"	1350	500	850	"	"	2700					
b.	— baðmull	45	700	1000	505	150	"	2400					
c.	— gervisilki	"	400	"	"	400	1200	2000					
d.	— silki	"	"	"	"	300	"	300					
3.	Lérefit	"	800	1000	900	"	"	2700					
4.	Vinnufatnaður (Nankin, khaki o. þ. h.)	35	"	1150	515	"	"	1700					
5.	Nærfatnaður, tilbúinn:												
a.	Karla, þ. á m. skyrtur	"	200	100	200	"	"	500					
b.	Kvenna	"	200	100	200	"	"	500					
c.	Sokkar, karla og kvenna	"	440	360	440	"	380	1600					
6.	Húsgagnaáklæði	"	120	280	200	"	"	600					
7.	Gólfteppi, dreglar, teppafilt	"	"	"	100	"	"	100					
8.	Garn og tvinni	"	310	"	300	90	"	700					
9.	Smávörur tilh. vefnaði og fatagerð	"	280	"	120	"	"	400					
10.	Vinnuvettlingar	26	300	"	274	"	"	600					
11.	Sjóklæði	30	170	200	"	"	"	400					
12.	Laufborðar, knipplingar og önnur netofin efni	"	"	"	42	108	"	150					
13.	Hattar og húfur	"	150	"	150	"	200	500					
14.	Aðrar vefnaðarvörur og tilh., ót. a.	115	180	120	65	60	60	600					
		251	5600	6040	5181	1108	1820	20000					
V. flokkur.													
1.	Gúmmistígvél	450	390	360	"	"	"	1200					
2.	Gúmmiskóhlífar	70	"	330	"	"	"	400					
3.	Skófatnaður (skammtaður)	"	960	1500	740	"	"	3200					
4.	Inniskór og annar skófatnaður (óskammtaður)	"	25	75	200	"	"	300					
		520	1375	2265	940	"	"	5100					

	\$	£	Cl. Tékk.	Cl. Holl.	Cl. Frakk.	Cl. Ítal.	Samtals
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.
3. Brennuoliur:							
a. Benzin	8000	"	"	"	"	"	8000
b. Dieseloliur	5700	"	"	"	"	"	5700
fueloliur	6000	"	"	"	"	"	6000
c. Smuroliur	2900	"	"	"	"	"	2900
d. Steinolia	800	"	"	"	"	"	800
4. Veðarfæri (tilbúin)							
a. Fiskilínur	"	800	"	"	"	"	800
b. Herpinætur og önnur net	1100	1600	"	800	"	"	3500
c. Önnur	340	1120	"	240	"	"	1700
5. Kaðlar og vírar	"	1500	"	"	"	"	1500
6. Fiskábreiður, seglastrigi	"	350	"	"	"	"	350
7. Hessian	"	1000	200	"	"	"	1200
8. Síldartunnur:							
— tilbúnar	"	"	1100	"	"	"	1100
— stafir og efni í þá	700	"	"	"	"	"	700
— gjarðir og efni í þær	500	"	"	"	"	"	500
9. Síldarkrydd og krydd til niðursuðu	100	100	"	50	"	"	250
10. Lýsistunnur og efni í þær	800	400	300	"	"	"	1500
11. Tómar þokar	"	1400	200	"	"	"	1200
12. Pappir til fiskumbúða	1200	200	"	"	"	"	1300
13. Pappaumbúðir um fisk	600	"	"	"	"	"	700
14. Niðursuðósir tilb. og háltílb.	360	240	"	"	"	"	600
15. Efni í niðursuðósir	266	240	100	"	"	"	600
16. Ammoniak, klórcalcium og vítissóti til lýsisvinnslu	110	350	100	"	140	"	700
17. Legufæri skípa	"	400	100	"	"	"	500
18. Aðrar útgerðarvörur	650	2000	300	"	"	"	2950
	37020	12920	2400	1090	140	280	53850
VIII. flokkur.							
1. Landbúnaðarvélur:							
— til heyskapar	800	1200	"	"	"	"	2000
— til jarðræktar	1350	1700	350	200	350	550	4500
2. Mjaltavélar, skilvindur, strokkar	200	200	"	"	"	"	400
3. Ljair, ljáblöð, brýni	180	"	"	"	"	"	180
4. Girðingæfni, annað en staurar	200	"	200	"	"	"	400
5. Kjöttunnur og efni í þær	250	"	"	"	"	"	250

	§	£	Cl. Tékk.	Cl. Holl.	Cl. Frakk.	Cl. Ítal.	Samtals
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.
6. Aðrar kjötumbúðir	300	"	"	"	"	"	300
7. Fræ og piöntur	"	640	"	160	"	"	800
8. Baðlyf	60	"	"	"	"	"	60
9. Mjólkurbrúsar	50	"	50	20	"	"	120
10. Aðrar landbúnaðarvörur	400	200	"	"	"	"	600
	3790	3940	600	380	350	550	9610

IX. flokkur.

1. Skip og nótabátar	8000	14000	"	"	"	"	22000
2. Flugvélar og varahlutir	700	700	"	"	"	"	1400
3. Bifreiðar	215	"	285	"	"	"	500
4. Reiðhjól, bifhjól og hlutar	"	250	"	"	50	"	300
5. Barnavagnar og kerrur	"	150	"	"	"	"	150
6. Mótórvélar og dekkspil	2600	1400	"	"	"	"	4000
7. Dýptarmælur og tilh.	60	540	"	"	"	"	600
8. Frystivélar	600	1320	480	"	"	"	2400
9. Sildarvinnsluvélar	2500	1600	"	400	"	"	4500
10. Niðursuðuvélar og fiskvinnsluvélar	860	1840	"	"	"	"	2700
11. Sauma- og þrjónavélar	35	285	"	"	"	280	600
12. Skrifstofu- og bókhaldsvélar	100	80	"	"	"	370	550
13. Smíðavélar til tré- og járnsmíða	250	650	300	"	"	"	1200
14. Mjólkur- og smjörlikisvélar	100	800	"	"	"	"	900
15. Vélar til ullariðnaðar	700	700	"	"	"	"	1400
16. Vélar til ýmiss konar iðnaðar ót. a.	800	1900	340	"	460	"	3500
17. Aðrar vélar	400	1200	"	"	"	"	1600
18. Til bifreiða:							
a. Varahlutir	2400	1000	400	"	200	"	4000
b. Mótórar	320	140	50	"	50	"	560
c. Hjólbarðar	1000	100	2220	"	680	"	4000
19. Varahlutir til bátavéla	2300	1650	50	"	"	"	4000
20. — til frystivéla	400	500	"	"	"	"	900
21. — til annarra véla	1500	900	100	"	"	"	2500
	25840	31705	4225	400	1440	650	64260

	§ Þús. kr.	£ Þús. kr.	Cl. Tökk. Þús. kr.	Cl. Holl. Þús. kr.	Cl. Frakkl. Þús. kr.	Cl. Ítal. Þús. kr.	Samtals Þús. kr.
X. flokkur.							
1. Smíðaðhöld og handverkfæri	80	180	680	"	"	"	940
2. Rafknúin vinnuverkfæri	80	80	120	80	"	"	360
3. Vogir og tilheyrandi	"	100	50	100	"	"	250
4. Búsahöld:							
a. Pottar, pönnur o. þ. h. úr ód. málmni	"	270	450	180	"	"	900
b. Hnífar, skeiðar o. þ. h. úr ód. málmni	"	70	125	65	"	"	250
c. Diskar, bollar o. þ. h. úr gleri og leir	"	280	520	"	"	"	800
d. Ót. a.	"	130	170	"	"	"	300
5. Borðbúnaður úr pletti og silfri	"	50	"	"	"	"	50
6. Vínsett, skálar o. þ. h. úr keramik og kristal ..	"	"	"	"	"	"	0
	160	1160	2115	215	"	"	3850
XI. flokkur.							
1. Til smjörlikisgerðar	3360	1440	"	"	"	"	4800
2. — kaffibætisgerðar	"	150	"	200	"	"	350
3. — súkkulaði- og sælgætisgerðar	"	560	"	390	"	50	1000
4. — öl- og gosdrykkjagerðar ..	150	200	"	150	"	"	500
5. — skó- og sóðlasmiði	20	400	200	880	"	"	1500
6. — málningagerðar	580	620	"	"	"	"	1200
7. — prentgerðar	"	150	"	150	"	"	300
8. — bókunar (ger o. fl.)	"	180	"	200	"	20	400
9. — sápuagerðar	430	450	"	"	20	"	900
10. — veiðarfæragerðar	850	1200	250	450	500	"	3250
11. — raftækjagerðar	180	240	90	90	"	"	600
12. — bókbands	25	25	150	100	"	"	300
13. — hjóllbarðaviðgerða	10	130	60	"	"	"	200
14. — leðuriðju (rennil. o. fl.)	"	"	50	100	50	"	200
15. — fatahreinsunar	"	85	"	15	"	"	100
16. — annarra iðgreina	150	300	150	50	"	"	650
	5755	6130	950	2775	570	70	16250
XII. flokkur.							
1. Þvottasóði	"	105	"	"	45	"	150
2. Þvottaduft og sápuspæmir	100	120	"	100	"	280	600
3. Sápur, þ. á m. tannkrem	100	150	"	275	"	"	525
4. Snyrtivörur	"	"	"	"	275	"	275

	\$	£	Cl. Tökk.	Cl. Holl.	Cl. Frakkl.	Cl. Ítal.	Samtals
	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.
5. Greiður og kambur, hárspegnur	"	"	"	"	50	"	50
6. Skó- og gólfáburður	"	215	"	60	"	"	275
7. Aðrar hreimlætisvörur	"	125	"	"	"	"	125
	200	715	"	485	370	280	2000
XIII. flokkur.							
1. Bláðapappír	400	200	75	125	"	"	800
2. Bókappappír	250	250	250	250	"	"	1000
3. Skrifpappír	15	100	135	50	"	"	300
4. Verzlunarbækur og bréfabindi	"	175	75	"	"	"	250
5. Bækur og tímarit	195	435	"	"	"	"	650
6. Umbúðapappír og pokar	120	280	200	200	"	"	800
7. Smjörpappír	25	50	"	75	"	"	150
8. Toilet-pappír	"	140	"	"	"	60	200
9. Heftarar, stimplar og önnur ritföng	"	210	90	"	"	"	200
10. Aðrar pappírsvörur	30	130	75	"	"	15	250
11. Skjalapappír og peningaskápar	"	100	"	"	"	"	100
	1035	2090	900	700	"	75	4800
XIV. flokkur.							
1. Hljóðfæri	"	90	35	"	"	"	125
2. Nótur og aðrar músikvörur	"	125	"	"	"	"	125
3. Leðurvörur tilb. og ferðatöskur	"	70	30	"	"	"	100
	"	285	65	"	"	"	350
XV. flokkur.							
1. Ljósakrónur og stofulampar	"	"	"	100	"	"	100
2. Vatnsþéttir lampar og vinnuljós	"	200	"	200	"	"	400
3. Rafmagnsperur	"	150	"	460	"	90	700
4. Raflagnaefni	400	1800	800	800	"	"	3800
5. Jarðstrengur til raflagna	"	1300	"	400	"	"	1700
6. Rafm.eidavélar og ofnar	300	50	"	50	140	"	540
7. Þvottavélar, kælsk., strauv., hræriv.	370	400	30	"	"	"	800
8. Rafm.búsáhöld með eliment	60	50	"	90	"	"	200
9. Rafhlóður og rafhyliki	"	700	"	"	"	"	700
10. Rafmagnsmótorar	115	845	240	"	"	"	1200

	§	£	Cl. Tökk.	Cl. Holl.	Cl. Frakk.	Cl. Ítal.	Samtals
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Aðrar rafmagnsvörur	400	800	100	100	"	"	1400
12. Símaefni og talstöðvar	1225	2775	"	"	"	"	4000
13. Rafveitur (vélar og efni til virkj.)	800	3700	"	500	"	"	5000
	3670	12770	1170	2700	140	90	20540
XVI. flokkur.							
1. Úr, klukkur, úrsmiðaeefni	"	350	50	"	"	"	400
2. Gull-, silfur- og plettvörur (ót. áður)	"	50	"	"	"	"	50
3. Gull og silfur, óunnið	"	200	"	"	"	"	200
	"	600	50	"	"	"	650
XVII. flokkur.							
1. Tóbak	500	2300	"	1000	"	"	3800
2. Afengi	200	1370	130	800	"	"	2500
3. Viðtæki og varahlutar	195	130	"	975	"	"	1300
4. Tilbúinn áburður	"	1000	"	3000	"	"	4000
5. Eldspýtur	"	50	300	"	"	"	350
	895	4850	430	5775	"	"	11950
XVIII. flokkur.							
1. Lyfjavörur og hjúkrunagögn	1400	1200	490	50	50	"	3190
2. Lækningatæki	200	100	100	50	50	"	500
3. Litur og litunarefni	30	270	"	"	"	"	300
4. Ljósmyndavélar og efni til ljósm.	30	370	"	"	"	"	400
5. Skotvopn og skotfæri	"	180	120	"	"	"	300
6. Flöskur og flöskuhettur	"	360	140	"	"	"	500
7. Húsgögn	80	310	"	"	"	"	390
8. Frostlögur	175	"	"	"	"	"	175
9. Íþróttavörur	45	105	"	"	"	"	150
10. Rannsóknartæki	150	150	"	"	"	"	300
11. Leikföng	"	"	"	"	"	"	0
12. Gleraugu og tilheyrandi	100	50	100	"	"	"	250
13. Karbid til gasframleiðslu	"	125	"	"	"	"	125
14. Kvikmyndir	400	400	"	"	"	"	800
15. Súkkulaði og sælgæti	"	"	"	"	"	"	0
16. Speglar og rammalistar	"	50	"	"	"	"	50
17. Smjör	"	3300	"	"	"	"	3300

	§	£	Cl. Tékk.	Cl. Holl.	Cl. Frakk.	Cl. Ítal.	Samtals
	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.
18. Ýmislegt	"	"	"	"	"	"	2630
19. Til sérstakra framkvæmda og óvissra útgjalda skv. ákv. fjárhagsráðs	"	"	"	"	"	"	8000
	2610	6940	950	100	100	"	21360

Fjárfestingaráætlun. Uppkast.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 annarra byggv. 1000 kr.	Gjalde.pörf v. Bein gjald-eyrsl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	41	"	2878	431	59	34	17725	652
II. Iðnaðarfyrirtæki	47	"	1069	76	25	77	8935	327
III. Verzlufyrirtæki, oliust. o. s. frv.	27	"	623	42	17	72	4268	156
IV. Opinberar byggingar:								
1. Skólar	45	"	1949	131	43	165	16964	706
2. Sjúkrahús	7	"	245	12	2	14	3775	137
3. Kirkjur og kirkjugarðar	10	"	65	7	3	2	376	"
4. Sundlaugar	10	"	298	26	4	17	2200	"
5. Félagsheimili	16	"	121	3	4	32	885	"
6. Ýmsar framkv. á vegum bæjar- og sveitarfélaga	13	"	188	13	3	"	886	14
7. Ýmsar framkv. á vegum ríkisins	5	"	94	14	"	6	1384	"
8. Embættismannabústaðir	17	18	603	28	8	22	3502	"
Alls	123	18	3563	234	67	258	29972	1101

V. Opinberar verkl. framkv.:

1. Hafnarg. (utan Rvk.)	"	"	3700	320	56	"	8750	"	940
2. Vítabyggingar	"	"	225	35	2	"	700	"	25
3. Vega- og brúargerðir	"	"	700	93	19	"	14470	"	270
4. Póstur og sími	9	"	220	25	8	7	8724	"	4922
5. Rafvirkjanir og veitur	30	"	1737	238	57	35	18743	"	4783
6. Flugvellir og skýli	3	"	139	23	4	"	1354	"	325
7. Vatns- og hitaveitur	15	"	361	45	4	"	3523	"	948

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 fert.	Kostn. 1948 annarra byggv. 1000 kr.	Gjalde.þörf v. Bein gjald- annarra byggv. 1000 kr.
8. Gatnagerðir	7	"	95	6	"	"	550	"
9. Opinb. verkl. framkv. í Rvk., Hf. og Kópav. hr. (hafnarg. í Rvk., vatns- og hitav. o. s. frv., þó ekki rafv.)	10	"	485	96	18	"	13980	1235
	74	"	7662	881	168	42	70794	13448
VI. Íbúðarhús:								
1. Íbúðarhús í III. og II. fl. á öllu landinu	698	1286	7353	322	116	811	66432	"
2. Íbúðarhús í I. fl. utan Rvk.	457	588	10201	533	241	568	49019	"
3. Íbúðarhús í I. fl. A og B í Rvk.	131	295	5526	358	94	357	32806	"
	1286	2169	23080	1213	451	1736	148257	10059
VII. Útihús	312	"	3842	153	60	46	8728	123
Samtals byggingarframkvæmdir	1910	2187	42717	3030	847	2265	288679	12418
Efni til viðhalds	"	"	3200	110	370	830	"	1278
Efni til iðnaðar	"	"	3400	"	165	680	"	"
Viðbót v. frjálssar ráðst. og rýrn. 7%	"	"	3452	220	97	264	"	"
Samtals	1910	2187	52769	3360	1479	4039	288679	13696

(9000 std.)

Gjaldeyrisnotkun samtals ca. 55 millj. kr.

Framkvæmdir til athugunar í sambandi við fjárfestingaráætlun. B-flokkur.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 fert.	Kostn. 1948 annarra byggv. 1000 kr.	Gjalde.þörf v. Bein gjald- annarra byggv. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	18	"	2425	369	46	28	13165	527
II. Iðnaðarfyirtæki	12	"	1056	172	13	25	6892	276
III. Verzl.fyrirtæki, o. lúst. o. s. frv.	63	"	3157	250	22	57	16652	666
IV. Opinberar byggingar:								
1. Skólar	11	"	1259	105	16	10	5965	"
2. Sjúkrahús	4	"	514	45	24	70	2944	"
3. Kirkjur	"	"	"	"	"	"	"	"
4. Sundlaugar	5	"	101	5	2	"	846	"

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjald- eyrsl. 1000 kr.
5. Félagsheimili	4	"	159	15	2	9	1598	"	"
6. Ýmsar bygg.framkv. á vegum bæjar- og sv. fél.	1	"	?	?	?	?	?	"	?
7. Ýmsar bygg.framkvæmdir á vegum ríkisins	1	"	106	2	"	8	4751	"	?
8. Embættismannabústaðir	"	"	"	"	"	"	"	"	"
Alls	26	"	2139	172	44	97	16104	644	115
V. Opinberar verkl. framkv.:									
1. Póstur og simi	2	"	"	"	"	"	2900	"	1125
2. Rafvirkjanir og veitur	10	"	970	48	7	4	8270	"	1625
3. Vatns- og hitaveitur	2	"	185	21	1	"	1186	"	235
4. Gagnagerðir o. fl.	5	"	223	16	2	"	1018	"	52
5. Ýmsar verkl. framkv. í Rvík, Hf. og Kópavogshr.	1	"	"	"	34	"	1185	"	"
Alls	20	"	1378	85	44	4	14559	"	3037
Framkvæmdir samtals	139	"	10155	1048	169	211	67372	2113	15215

Gjaldeyrisþörf samtals ca. 21 millj. kr.

Framkvæmdir ekki teknar með í fjárfestingaráætlun og ekki til athugunar. C-flokkur.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 1000 kr.	Gjalde.þörf v. annarra byggv. 1000 kr.	Bein gjald- eyrsl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	4	"	716	195	19	5	4835	193	13640
II. Iðnaðarfyirtæki	17	"	913	89	10	26	2816	113	215
III. Verzl.fyrirtæki, o. lúst. o. s. frv.	16	"	3906	1407	84	72	19957	798	25
IV. Opinberar byggingar:									
1. Skólar	29	"	3293	356	51	168	16180	"	690
2. Sjúkrahús	4	"	50	4	?	?	740	"	?
3. Kirkjur	2	"	222	86	1	25	500	"	106
4. Sundlaugar	8	"	148	22	4	1	850	"	"
5. Félagsheimili	14	"	1879	177	41	49	9804	"	233
6. Ýmsar bygg.framkv. á vegum bæjar- og sv. fél.	2	"	113	7	2	"	140	"	"

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmft.	Pilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 annarra byggv. 1000 kr.	Gjalde.þörf v. Bein gjald- annarra byggv. 1000 kr.	eyrsl. 1000 kr.
7. Ýmsar bygg framkv. á vegum rík- isins	1	"	160	40	"	14	650	"	1035
8. Embættismannabústaðir	8	11	383	14	4	16	2194	"	"
Alls	68	11	6248	706	103	273	31058	1242	2064
V. Opinberar verkl. framkv.									
1. Hafnargerðir	"	"	1021	"	70	"	3050	"	1094
2. Póstur og sími	2	"	200	18	1	4	2520	"	1000
3. Rafvirkjanir og veitur	1	"	"	"	"	"	28660	"	23447
4. Flugvellir o. þ. h.	1	"	160	60	1	"	175	"	175
5. Ýmsar verkl. framkv. Rvk, Hf. og Kópavogshr.	2	"	545	40	33	"	500	"	"
Alls	6	"	1926	118	105	4	34905	"	25716
VI. Íbúðarhús í 1. fl. C og D í Rvík	97	291	8498	459	164	220	42410	2121	"
VII. Búskúrar	47	"	310	19	5	"	761	"	"
Frankvæmdir alls	255	302	22517	2993	490	600	136742	4467	41660

Gjaldeyrirþörf samtals ca. 54 millj. kr.

Umsóknir um byggingarframkvæmdir samtals.

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmft.	Pilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 annarra byggv. 1000 kr.	Gjalde.þörf v. Bein gjald- annarra byggv. 1000 kr.	eyrsl. 1000 kr.
I. Framleiðslufyrirtæki	63	"	6019	995	124	67	35725	1372	18088
II. Iðnaðarfyirtæki	76	"	3038	337	48	128	18643	716	10424
III. Verzl.fyrirtæki, oklust. o. s. frv.	106	"	7686	1699	123	201	40877	1620	361
IV. Opinberar byggingar:									
1. Skólar	85	"	6501	592	110	343	39109	"	1471
2. Sjúkrahús	15	"	809	61	26	84	7459	"	137
3. Kirkjur og kirkjugarðar	12	"	287	93	4	27	876	"	106
4. Sundlaugar	23	"	547	53	10	18	3896	"	40
5. Félagshæimili	34	"	2159	195	47	90	12287	"	233
6. Ýmsar bygg framkv. á vegum bæj- ar- og sv. fél.	16	"	301	20	5	"	1026	"	14

	Tala framkv.	Tala íbúða	Sement 1000 kg	St.járn 1000 kg	Timbur 1000 rúmf.	Þilpl. 1000 ferf.	Kostn. 1948 annarra byggv. 1000 kr.	Gjalde. þörf v. Bein gjald- 1000 kr.
7. Ýmsar bygg.framkv. á vegum rík- isins	7	"	360	56	"	28	6785	1035
8. Embættismannabústaðir	25	29	986	42	12	38	5696	"
Alls	217	29	11950	1112	214	628	77134	2987
3036								

V. Opinberar verkl. framkv.

1. Hafnargerðir (utan Rvk)	"	"	4721	320	126	"	11800	2034
2. Vítabyggingar	"	"	225	35	2	"	700	25
3. Vega- og brúargerðir	"	"	700	93	19	"	14470	270
4. Póstur og sími	13	"	420	43	9	11	14144	7047
5. Rafvirkjanir og veitur	41	"	2707	286	64	39	55673	29855
6. Flugvellir og skýli	4	"	299	83	5	"	1529	500
7. Vatns- og hitaveitur	17	"	546	66	5	"	4709	1183
8. Gainargerðir o. fl.	12	"	318	22	2	"	1568	52
9. Ýmsar verkl. framkv. í Rvk, Hf. og Kópavogshr.	13	"	1030	136	85	"	156655	1235
Alls	100	"	10966	1084	317	50	120258	42201

VI. Íbúðarhús:

1. Íbúðarhús í III. og II. flokki	698	1286	7353	322	116	811	66432	"
2. Íbúðarhús í I. fl. utan Rvk	457	588	10201	533	241	568	49019	"
3. Íbúðarhús í I. fl. í Rvk.	228	586	14024	817	258	577	75216	"
Alls	1383	2460	31578	1672	615	1956	190667	12180

VII. Útihús	312	"	3842	153	60	46	8728	123
VIII. Bílskúrar	47	"	310	19	5	"	761	"

Byggingarframkv. samtals	2304	2489	75389	7071	1506	3076	492793	18998
Efni til viðhalds	"	"	3200	110	370	830	"	1278
Efni til iðnaðar	"	"	3400	"	165	680	"	"
Viðbót vegna frjálstrar ráðst. og rýrn., 7%	"	"	5739	503	143	321	"	"
Alls	2304	2489	87728	7684	2184	4907	492793	20276

(13200 std.)

Gjaldeyrisþörf samtals ca. 132 millj. kr.